


# **SAMSTARFSMÖGULEIKAR RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA Í RAFRÆNUM INNKAUPUM**

---

**Hugrún Ösp Reynisdóttir**

Opinber innkaup eru talin u.þ.b. 15% af VLF en þar af innkaup ríkisins um 142 milljarðar króna á ári.\* M.v. þessar forsendur eru innkaup sveitarfélaga svipuð fjárhæð.



\*Upplýsingar úr fjárhagsbókhalda ríkisins 2013



## Helstu niðurstöður og tillögur til að auka skilvirkni í opinberum innkaupum.

### Helstu niðurstöður vinnu starfshópsins eru að:

- Ríkið hefur takmarkaðar upplýsingar um innkaup sín í mörgum vöruflokkum og litla yfirsýn yfir innkaupsverð og hagræðingartækifæri.
- Núverandi fyrirkomulag rammSAMninga veitir ríkinu ekki lægsta mögulega verð.
- Innkaupastefnan hefur verið skrifuð en ekki fyllilega innleidd. Skortur er á verkfærum til að nýta ávinning hennar að fullu við innkaup ríkisins.
- Tækifæri eru til staðar til að ná fram verulegri hagræðingu í innkaupum á vöru og þjónustu með nýjum áherslum.

### Tillögur starfshópsins eru:


- Gera þarf langtímaáætlanir í innkaupum.
- Ríkið þarf að beita innkaupaaðferðum með markvissari hætti, t.d. með sameiginlegum innkaupum, örútboðum og fækkun birgja.
- Bæta þarf upplýsingakerfi svo að ríkið hafi yfirsýn yfir innkaup sín og geti sett sér markmið um hagræðingu.
- Búa þarf til hvatakerfi fyrir stofnanir og birgja/seljendur.



## Núverandi fyrirkomulag rammamninga tryggir ríkisstofnunum ekki alltaf lægsta verð við kaup á vörum og þjónustu.

- Rammamningar tilgreina ekki hvaða tilteknu vöru/þjónustu skal kaupa - einungis við hvaða birgja skal skipta.
- Afsláttarkjör eru oftast tiltekin prósentu og endurspegla ekki endilega lægsta verð.
- Möguleikar á örútbodum innan núverandi rammamninga eru ekki nægilega nýttur kostur.

Algengasta innkaupsverð á fartölvu fyrir  
skrifstofustarfsmann hjá 9 stofnunum árið 2014




Samtals keyptu þessar níu stofnanir 65  
fartölvur á árinu 2014.

Ef allar stofnanirnar hefðu keypt á lægsta  
verði hefði heildarkostnaður lækkað um  
25%.


## Sama vara er seld á mismunandi verði hjá sama birgja innan rammisamnings. Magn og verð fer ekki alltaf saman.

- Stofnun sem keypti 20 stóla fékk hagstæðara verð en önnur stofnun sem keypti 60 stóla af sömu tegund hjá sama birgja.
- Verðmunur á sömu tegund af pappír á milli stofnana er 97%.

Innkaupsverð skrifborðsstóla af teg. X  
magn og einingaverð 10 stofnana hjá sama  
birgja.




Innkaupsverð á sömu tegund af pappír hjá sama  
birgja árið 2013.




## Mikilvægt að skoða hagræði af nýjum lausnum. Stofnanir eru misvel í stakk búnað að kanna notkun og hagræði af slíkum lausnum.

- Þegar innkaupsverð á borðtölvum er skoðað kemur í ljós að munur á milli hæsta og lægsta verðs er 174% á hefðbundnum borðtölvum.
- Ein stofnun hefur innleitt „sýndarvél“ í starfsemi sinni sem leitt hefur til verulegs hagræðis.

Algengasta innkaupsverð á borðtölvu fyrir skrifstofumann hjá 7 stofnunum árið 2014



Algengasta innkaupsverð á tölvuskjá fyrir skrifstofumann hjá 7 stofnunum árið 2014




## En snúum okkur að rafrænum innkaupum. Fyrst „einföld skilgreining“ á rafrænum innkaupum

- Innkaup sem gerð eru með aðstoð upplýsingakerfa og rafrænna miðla.
- Í rafrænum innkaupum eru viðskiptaferlar útfærðir rafrænt, viðskiptaskjöl stöðluð, þau gerð rafræn og þeim miðlað innan upplýsingakerfa og milli viðskiptaaðila yfir upplýsingatæknikerfi.
- Í rafrænum innkaupum er rekjanleiki tryggður á rafrænan hátt og framkvæmd innkaupa gerð eins sjálfvirk og hagkvæmt er, í samræmi við kröfur um stjórnun og eftirlit, eins og tækni leyfir.



Rafræn innkaup byggjast á því að fyrirtæki og stofnanir vinni saman að því að auka sjálfvirkni viðskiptanna. Með því að stunda innkaup fyllilega með rafrænum hætti er átt við að ferlar og skjöl og eftirlit með innkaupum séu útfærð með rafrænum hætti, allt frá innkaupapörf til greiðslu reiknings.





## Unnið er að stefnumörkun fyrir ríkið.

- Leiðráljós við stefnumörkunina er að beita upplýsingatækni til að hagræða í rekstri ríkisins með hagkvæmum innkaupum og tryggja jafnframt virka samkeppni og minni viðskiptakostnað.
- Markmið stefnumótunar að ráðuneyti og stofnanir ríkisins geti stundað innkaup sín með rafrænum hætti.



# Markmið með nýjum áherslum í rafrænum innkaupum er m.a. að ná:

## Aukinni hagkvæmni

Lægri innkaupakostnaður náist í gegnum skilvirka innkaupaferla.  
Minni pappírnotkun => vistvænni innkaup.  
Aukin sparnaður náist með með aukinni notkun og tryggð við samninga => aukinn kaupmáttur og sterkari samningsstaða ríkisins.

## Betra upplýsingaflæði

Bætt gæði gagna um innkaup => betri greiningar, stýring og eftirfylgni innkaupa.  
Samskipti milli kaupenda og seljenda verði auðveldari ekki síður fyrir minni fyrirtæki.  
Aukið gagnsæi.

## Aukinni skilvikni

Miðlun útboðsgagna og skil tilboða og mat þeirra verði hraðari með aukinni sjálfvirkni  
Rafrænar innkaupapantanir og – reikningar dragi úr handavinnu og fækki villum. Fjárhagsbókanir verði sjálfvirkar og samræmdar.  
Sjálfvirkni í samningsstjórnun, bætti verðeftirlit og afköst við greiningar

## Samræmdum innkaupum

Aðgengi innkaupasamninga verði auðvelt og miðlægt  
Agað verklag við innkaup á vörum og þjónustu miðist við að ávallt liggi fyrir skrifleg, samþykkt pöntun í tölvukerfi ráðuneytis eða stofnunar  
Ráðuneytum og stofnunum verði ekki í sjálfsvald sett að nýta sér hagkvæmni gerðra samninga og samræmdra viðskipta  
Aukið samstarf og samhugur stofnana um hvernig þessum málaflokki verði háttáð því ávinningur verði augljós.



## Forsenda árangurs við uppbyggingu rafrænna innkaupa ríkisins

1. Staðlar – fyrir ferla og samskipti (skeyti), ná þarf sátt um þá s.s. á vettvangi FUT
2. Samhæfð skeytamiðlun – samvinna við miðlara og hugbúnaðarhús
3. Vörulistabrunnar – samræming og miðlun, samstarf við atvinnulífið
4. Umhverfið – lög, reglugerðir, traust og rekjanleiki
5. Innkaupakerfi/vefverslanir – tryggja aðgengi stofnana og tengsl við viðskiptasamninga ríkisins
6. Útboðskerfi – miðlun útboðsgagna, móttaka tilboða og mat sjálfvirkt



## Forsenda árangurs við uppbyggingu rafrænna innkaupa ríkisins

7. Upplýsingakerfi rammamanna ríkisins – setja þarf upp miðlægt kerfi um RS-ríkisins sem og aðra samninga
8. Stjórnun og eftirlit stofnana – greina þarfir f. lykilupplýsingar
9. Fræðsla, þjálfun og stuðningur – formleg þjálfun, fræðsluvefur og leiðbeiningar
10. Samvinna hagsmunaaðila – skilgreina ábyrgð, hlutverk og verkaskiptingu
11. Tilraunaverkefni – útfærsla á tengingum við vefverlsun, samninga og notkun rafrænna skjala



## **Við stefnumótunina höfum við horft til þess að koma á samfelldu ferli rafrænna innkaupa frá auglýsingu til greiðslu reiknings**

- Reynsla annarra ríkja sýnir að ávinningur er verulegur þegar tölvutækni er beitt í stöðlun á einstökum innkaupaferlum og þegar notendur hafa náð tökum á tækninni:
  - það hámarkar afköst/skilvirkni
  - ferli innkaupa verður straumlínulagað
  - aukið gagnsæi verður í viðskiptum
  - það eykur samkeppni - betri nýting á almannafé.
  - betri þjónusta við borgara og viðskiptalífið



## Hvers vegna er samfelld ferli rafrænna innkaupa frá auglýsingu til greiðslu reiknings mikilvægt?

- Ekki aðeins verið að fara af pappír yfir á stafrænt form, þetta:
  - er þáttur í því að auka heildarskilvirkni og sparnað í opinberri þjónustu
  - færir stjórnarsýsluna í nútímalegara horf þ.e. þetta snýst ekki bara um innkaup.
- Tækifæri til almennrar endurskoðunar á skipulagi opinberra innkaupa í því skyni að straumlínulaga þau




## Áhrif á opinber innkaup

- Það verða breytingar á umhverfi opinberra innkaupa
  - Skrifstofustarf -> sérfræðistarf
  - tölvutæknin er drifkraftur þessara breytinga, ásamt varanlegum breytingum í átt til vaxandi miðstýringar innkaupa.
- Byggja verður upp hæfni starfsfólks sem krefst þekkingar á
  - mörkuðum, tækni, innleiðingu nýrra ferla og lögum
  - gerð óaðfinnanlegra útboðsgagna,
  - samningsstjórnun og greiningu árangurs
- Innkaupafólk þarf að tileinka sér þekkingu á bestu aðferðum.
- Í ljósi stærðar opinberra innkaupa verður að vanda til verka. (150 ríki + 150 mia. kr. sveitafélög, áætlun 2014)




# Hverju höfum við áorkað?





## Breytingar í umhverfi opinberra innkaupa

- Ný tilskipun um opinber innkaup sem verður innleidd hér á landi á næstu misserum.
- Tilskipunin gerir ráð fyrir að útboðsferlið verði rafrænt og skv. tímamörkum tilskipunarinnar er m.v. mitt ár 2018.
- Gildir ekki aðeins fyrir ríkið,- heldur líka sveitarfélög.




## Meginregla samkvæmt tilskipuninni

- Framkvæmd útboða og samskipti milli aðila verði með rafrænum hætti
- Allt ferlið frá miðlun útboðsgagna til samnings þarf að vera stutt með rafrænum hætti þ.m.t. rafrænar tilkynningar, auglýsingar, afhending gagna og móttaka tilboða. Mat tilboða og val lausna.
- Það er ábyrgð kaupanda að nota rafrænt útboðsferli.
- Grundvallarreglur innkaupa gilda
  - Gæta skal jafnræðis og gagnsæis við innkaup.
  - Óheimilt er að mismuna fyrirtækjum á grundvelli þjóðernis eða af öðrum sambærilegum ástæðum.



## Og það eru fleiri breytingar í vændum. Ný tilskipun um rafræna reikninga

- Gildir um reikninga vegna opinberra innkaupa
- Tilskipunin gerir ráð fyrir nýjum evrópskum staðli um rafræna reikninga
- Staðalinn mun byggja á núverandi tækniforskriftum þróuðum af CEN og UN/CEFACT
- Innleiðing fyrir mitt ár 2018. Sveitarfélög fá eitt ár í aðlögunartíma.



## **Við horfum fram á umtalsverðar breytingar í umhverfi innkaupa og því mikilvægt að ríki og sveitarfélög vinni saman að þessu verkefni**

Mismunandi áherslur Evrópulanda - rafræn innkaupakerfi

- Miðlægt landskerfi (Kýpur, Malta, Luxemborg, Eistland, Lettland Litháen og Írland).
- Miðlæg svæðisbundin kerfi (Belgía, Ítalía, Þýskaland, Finnland, Spánn og Bretland).
- Frjáls þátttaka stofnana og dreifstýrð kerfi (Svíþjóð, Danmörk og Bretland (r-markaðstorg)).
- A-Evrópu kerfið (Tékkland, Póland, Ungverjaland, Rúmenía og Slóvakía).



## Við höfum tekið fyrsta skrefið saman. Sameiginlegur auglýsingavefur útboðsvefur.is

- Nýr vefur um útboð á vegum hins opinbera opnaður í maí.
- Markmið hans er að auðvelda aðgengi að upplýsingum um fyrirhuguð innkaup á vegum opinberra aðila með því að birta á einum stað auglýsingar um opinber útboð.
- Á vefnum birtast auglýsingar og tilkynningar um fyrirhuguð innkaup opinberra aðila sem falla undir lög og reglugerðir um opinber innkaup. Undir það flokkast innkaup ríkis, sveitarfélaga og veitufyrirtækja þegar fjárhæðir innkaupa eru yfir innlendum og erlendum útboðsmörkum.
- Á útboðsvefnum geta opinberir aðilar einnig auglýst innkaup undir viðmiðunarmörkum til að tryggja gegnsæi.
- Samstarfsverkefni fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Ríkiseigna, Framkvæmdasýslu ríkisins, Landsnets, Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjavíkurborgar, Ríkiskaupa og Vegagerðarinnar.



# Vefurinn er opinur öllum kaupendum sem falla undir regluverk um opinber innkaup og standa vonir til þess að þeim sem nýta auglýsingavefinn fjölgi á næstunni

Útboðsvefur.is - Opinber útboð

Fjöldi útboða: 29

Veldu útboðsaðila

Veldu tegund útboðs

Leita...

Númer	Lýsing	Útboðsaðili	Tegund	Skilafrestur
13519	<b>Betri hverfi 2015 – Austur</b> F.h. Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er óskað eftir tilboðum í eftirfarandi verk: Lýsing á verkefni: Ymis verkefni íbúalýðræðisverke...	Reykjavíkurborg	Framkvæmd	24.06.2015 kl. 10:00
20090	<b>Rafræn fyrirtækjaskrá RSK</b> Ríkiskaup, fyrir hönd ríkisskattstjóra, kt. 540269-6029, óska eftir tilboðum í forritunavinnu vegna endurbóta á tölvukerfi fyrirtækjaskrár, Féлага og...	Ríkiskaup	Vörukaup	13.07.2015 kl. 11:00
13530	<b>Endumýjun gönguleiða 2015</b> F.h. Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er óskað eftir tilboðum í eftirfarandi verk: Helstu magntölur eru eftirfarandi: Jarðvegsskipt...	Reykjavíkurborg	Framkvæmd	15.06.2015 kl. 10:00
13532	<b>Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík 2015-2018 útboð I – EES</b> F.h. Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er óskað eftir tilboðum í eftirfarandi verk: Um er að ræða snjöhreinsun og hálkueyðingu gatna í þ...	Reykjavíkurborg	Þjónusta	25.06.2015 kl. 10:00
13533	<b>Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík 2015-2018 útboð II – EES</b> F.h. Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er óskað eftir tilboðum í eftirfarandi verk: Um er að ræða snjöhreinsun og hálkueyðingu gatna í þ...	Reykjavíkurborg	Þjónusta	25.06.2015 kl. 10:00
13534	<b>Vetrarþjónusta gatna í Reykjavík 2015-2018 útboð III – EES</b> F.h. Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er óskað eftir tilboðum í eftirfarandi verk: Um er að ræða snjöhreinsun og hálkueyðingu gatna í þ...	Reykjavíkurborg	Þjónusta	25.06.2015 kl. 10:00



## Mögulegt samstarf ríkis og sveitarfélaga í rafrænum innkaupum

- Höfum nú þegar tekið eitt skref með sameiginlegum útboðsvef
- Kanna þarf sérstaklega hvort ríki og sveitarfélög vilji koma sér upp sameiginlegu útboðskerfi: báðir aðilar þurfa að koma sér upp slíku kerfi skv. nýju tilskipuninni.
- Þurfum að ræða málin!



## Samráðsvettvangur um rafræn innkaup

- Evrópusambandið hefur mælst til þess að ríkin komi sér upp sérstökum samráðsvettvangi um rafræn innkaup þar sem ríki, sveitarfélög og atvinnulíf geti m.a. fjallað um:
  - ✓ stöðuna eins og hún er
  - ✓ hvernig best væri að innleiða breytingar sem framundan eru
  - ✓ lagaleg atriði s.s. hvort þörf sé á rafrænni undirritun
  - ✓ staðla sem æskilegt væri að nota
  - ✓ góð viðmið (e. best practise) sem hægt er að styðjast við
- Ríkið vill gjarnan eiga samtál við sveitarfélögin með hvaða hætti rafrænum innkaup er best komið á og mun kalla saman samráðsvettvang á næstunni.





## Nýtt námskeið um opinber innkaup

- Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ og Ríkiskaup standa að námskeiðinu - haldið 6. og 7. okt. nk., kl. 9:00-12:30.
- Markhópur: Forstöðumenn, fjármála-, rekstrar- og innkaupastjórar og aðrir sem sjá um innkaup fyrir opinberar stofnanir og hjá sveitarfélögum.
- Tvískipt námskeið – hægt að skrá sig bara fyrri daginn:
  - Dagur 1: Lagalegt umhverfi opinberra innkaupa (verð kr. 15.900).
  - Dagur 2: Framkvæmd opinberra innkaupa (verð kr. 29.900- fyrir báða dagana).
- Fyrirlesarar: Sérfræðingar frá Ríkiskaupum.
- Námskeiðið stendur einnig til boða í fjarnámi.
- Nánari upplýsingar og skráning: [www.stjornsyslustofnun.hi.is](http://www.stjornsyslustofnun.hi.is)

